



**Nýársávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
1. janúar 2001**

Góðir Íslendingar

Ég óska ykkur öllum gleðilegs árs og vona að gæfa og farsæld fylgi þjóð okkar í framtíðinni.

Við áramótin kvikna í huganum leiftur og ljós frá liðinni tíð, minningar um gleði í faðmi fjölskyldu og með góðum vinum, ávinninga á vinnustað og í einkalífi; en einnig minningar um erfiðleika og þungar þrautir, sorg og óvænt áföll. Allt er það skráð í lífsins bók en á þessum degi hefjum við nýjan kafla með bjartsýni og von að leiðarljósi.

Á slíkum vegamótum er gott að vera umvafinn hlýju heimilis og ástvina, sækja styrk í samstöðuna sem löngum hefur verið aðalsmerki Íslendinga, leita hvíldar frá hraðanum og umrótinu sem æ meir ógna þeirri staðfestu sem jafnan fylgir farsælu lífi.

Við höfum á liðnu ári þurft að horfa á eftir stórum hópi sem beið bana í blóma lífsins vegna agaleysis í umferðinni eða voðaverka. Árið var okkur einstaklega erfitt í þessum efnum. Harmur er kveðinn að ættingjum og vinum; já, í reynd þjóðinni allri sem sárt finnur til á slíkum stundum.

Samúð okkar er með þeim sem sorgin mæðir en við vonum að birta hins nýja árs muni að nokkru léttu þeim hin þungu spor og gefa góðum minningum smátt og smátt sinn gleðiblæ.

Það er mikil raun að fjöldi fólks skuli á hverju ári týna lífi eða bíða varanlegt heilsutjón í slysum sem eiga rætur að rekja til of mikils hraða eða hirðuleysis.

Við megum ekki setta okkur við að sífellt fleiri láti lífið, verði örkumla alla ævi eða glati andlegu heilbrigði í umferðarslysum.

Ökumaðurinn ber ekki aðeins ábyrgð á sjálfum sér heldur líka farþegum sínum og einnig gagnvart öðrum sem um veginn fara.

Höfum við kannski misst sjónar á þeirri ábyrgð sem við berum hvert á öðru, gleymt að sérhverjum rétti fylgir líka sú skylda að beita honum án þess að aðrir skaðist?

Við lifum á tímum sem ærið oft ýta undir agaleysi og sérgæsku en einmitt þess vegna er ábyrgðin sá eiginleiki sem við síst megum glata, eiginleiki sem verið hefur haldreipi og hornsteinn í lífi og baráttu íslensku þjóðarinnar.

Ábyrgðin er í senn lærdómur og dyggð sem vel mun reynast á langri ævi, rótin að kærleika og gagnkvæmri virðingu í samskiptum foreldra og barna, ættingja og vina. Hún er burðarás í heilladrjúgu samstarfi á vinnustað og í athafnalífi, lykill að farsælli sambúð þjóðar við náttúru landsins, áminning um að gleyma ekki sögu og arfleifð í umróti tímans, kjarni velferðar sem við viljum búa öllu fólki.

Við þurfum að vakna til vitundar um þá fjölþættu ábyrgð sem við berum öll, bæði sem einstaklingar og þjóð, gagnvart óbornum kynslóðum og umheimi öllum; um ábyrgðina gagnvart uppeldi æskunnar, menntun hennar, þjálfun og aga.

Uppeldi er í víðasta skilningi siðfræði; leiðarvísir um góða hegðun og farsæla breytni; um kröfurnar til okkar sjálfra, virðinguna fyrir öðrum, skoðunum þeirra og rétti.

Við foreldrarnir höfum ef til vill varpað ábyrðinni á uppeldi æskunnar um of á herðar kennurum og skólastjórnendum, yfirvöldum sem ákvarðanir taka um námsgreinar og fræðsluefni. Þátttaka foreldra í skólastarfi hefur verið minni hér en í mörgum löndum, skorturinn á samvinnu og skilningi á margan hátt bitnað á menntun og þroska.

Það er alvarleg brotalöm þegar skólastarf lamast vegna ágreinings um launakjör, skipulag náms eða vinnutíma; og vissulega eru deilur af þessum toga mikill vandi, raska námi unga fólksins og tefla í tvísýnu framtíð þess og lífssýn. Brýnt er að varanlegur friður verði um skólastarfið svo að kennarar, foreldrar og nemendur geti einbeitt sér að því sem öllu skiptir: að búa æsku Íslands svo ríkulega að þekkingu og hæfni að þjóðin haldi sjó og miði áleiðis í umhleyplingunum sem einkenna munu öldina sem nú er hafin.

Okkur tókst fyrir áratug að ná þjóðarsátt um árangur í glímunni við verðbólguna sem lengi hafði lamað hér framfarir og farsæld alla og þá urðu margir að ganga til samstarfs um leiðir sem áður voru taldar ófæra ein.

Á svipaðan hátt þurfum við nú að slá skjaldborg um skólastarfið, þróa friðargjörð sem tryggir nemendum öryggi og samfellu við námið sjálft og gerir kennurum kleift að helga sig óskipta merku starfi sem þeir gegna í þjóðarþágu.

Í anda þeirrar ábyrgðar sem við berum gagnvart æsku landsins verður áfram að leita leiða sem koma í veg fyrir að þúsundir ungmenna verði á ný fórnarlömb þeirrar upplausnar sem jafnan fylgir löngum deilum.

Ég beini því til ykkar, nemendur sem nú bíðið þess að skólinn byrji, að glata ekki trúnni á gildi námsins, gefast ekki upp og falla ekki fyrir freistingum sem kunna að felast í gylliboðum um skjótfengnar tekjur sé skólagöngu slegið á frest.

Hagsældin á liðnum árum og léttfenginn auður í viðskiptum með verðbréfin hafa á skömmum tíma skapað í hugum margra þá fölsku trú að áhætta sé ætíð rétt, að hin gömlu gildi, ábyrgð og varkárni, séu úrelt þing.

Samfélag okkar hefur mótast mjög af tilboðum um kostakjör og kapphlaupi fyrirtækja um fjármuni almennings, peninga heimilanna. Stundum hefur jafnvel verið gengið svo langt að veðsetja íbúðir og fjölskyldueignir til að taka þátt í happdrættinu um hlutabréfin. Gleymum þó ekki að sagan kennir að vogun bæði vinnur og tapar, og kröfugerðin er þá einatt borin fram af miskunnarleysi handhafans sem aðeins hirðir um lúkningu skuldarinnar.

Margt bendir til að nú kunní að fara í hönd sá tími að betra sé að sýna ábyrgð og aðhald en hætta öllu sínu á markaðstorgi verðbréfanna og vonandi verða hagnaðarvonir ekki mörgum um megn ef harðnar á dalnum.

Við Íslendingar erum nýgræðingar í kauphöllunum, höfum ekki langa reynslu af þeim tækifærum sem bylt hafa atvinnulífi og fjármálakerfi víða um veröld. En ólgan sem nú blasir við ætti að verða okkur hvatning til að varðveita enn betur það hyggjuvit sem löngum var aðal bænda og fiskimanna í okkar góða landi og gerði þeim kleift að lifa af erfiðar aldir.

Vissulega eru nú vatnaskil í mörgum efnum og aldirnar tvær, sú liðna og hin nýja, vekja í huganum spurningar um göngu íslenskrar þjóðar götuna fram eftir veg.

Í árdaga 20. aldar veitti baráttan fyrir sjálfstæði og fullveldi þjóðinni innblástur og nýja sýn. Til sjávar og sveita var leitað nýrra leiða til að efla atvinnulíf og framför alla. Hin kraftmikla kynslóð sem þá gekk til móts við manndómsárin hlaut vegna verka sinna sæmdarheiti kennt við aldamótin.

Við sömu skil á okkar tímum má víða greina merki þess að þjóðin sé nú að eignast nýja aldamótakynslóð sem glæðir menningu okkar, vísindi og athafnalíf nýjum krafti.

Við höfum þessi jól notið skáldverka, ljóða og fræðirita sem sýna litríka grósku í andlegu lífi og ungir höfundar hasla sér nú völl svo að eftir er tekið. Íslenskar bókmenntir njóta hylli í mörgum löndum og ný verk eru jafnóðum þýdd á höfuðtungur.

Við lifum einstaka sköpunartíð í íslenskum kvikmyndum og með listrænum tókum, snjöllum leik og nýrri sýn á mannleg gildi er hin unga sveit kvikmyndafólks að miðla umheimi skilningi á íslenskum veruleika sem jafnframt færir öðrum ferska sýn á sjálfan sig.

Ungir söngvarar og tónlistarfólk starfa nú um veröld víða og Sinfóníuhljómsveit Íslands fór frægðarför um Vesturálfu, sönnun þess að áherslur sem mótaðar voru í tónlistaruppeldi á sínum tíma hafa nú skilað okkur glæsilegum árangri og æ fjölþættara listalífi.

Hugvit og fræði, vísindi og rannsóknir hafa á skömmum tíma orðið undirstaða nýrra fyrirtækja og atvinnugreina sem við kunnum varla að nefna fyrir nokkrum árum. Hin unga kynslóð er með menntun sinni og kunnáttu að gjörbreyta íslensku atvinnulífi. Hún býr í reynd við alþjóðlegan markað fyrir hæfileika sína og getu, en það skiptir þó öllu að Ísland megi áfram njóta verka hennar.

Líkt og bóndinn fagnar góðri tíð og sjómaður gæftum gleðjumst við yfir þeirri grósku sem hvarvetna blasir við og um leið leitum við leiðarljósa um framtíðina, vegvísa sem fylgja ber á breytingabraut.

Sóknin til sjálfstæðis, framfarir til sjávar og sveita, menntun og menning, voru hugsjónir kynslóðarinnar sem fyrir hundrað árum var að hasla sér völl og með krafti gekk fram til góðra verka undir kjörorðinu Íslandi allt. Í ræðum og ritum er varðveittur ítarlegur vitnisburður um virðingu hennar fyrir sjálfsvitund og samheldni Íslendinga, um leit hennar að því sem til hagsbóta væri ættjörðinni.

Hvert er nú leiðarljósið? Hvar eru þær hugsjónir sem skapa úr framlagi hvers og eins framfarir sem veita öllum ávinning? Hver er samnefnarinn sem áfram skapar íslenskri þjóð sjálfstæða vitund?

Íslensk tunga er sameign okkar, auðug að orðum og máttugt tæki til skapandi hugsunar, brú aftur til alda og farvegur umræðu um breytingar sem einkenna heiminn allan.

Sagan og menningin eru okkur einnig uppspretta skilnings og vitundar um stöðu okkar og stefnu og liðið ár verður lengi í minnum haft vegna hátíða sem tileinkaðar voru kristnitöku og landafundum. Saga Íslendinga og fornar bækur eru arfur sem þjóðirnar í Vesturheimi hafa nú heiðrað með einstökum hætti, íslenskum hagsmunum til vegsauka og ávinnings í framtíðinni.

En arfleifðin verður að vera lifandi brunnur, eiga hljóm í hverjum tíma og kynslóðirnar túlka hana hver með sínum hætti, draga af henni lærdóma sem duga. Bókmenntir, sögu og menningu má ekki daga uppi sem hátíðaeefni og skraut á tyllidögum; það er hin lifandi ögrun og hvatning til dáða sem öllu skiptir.

Arfleifðin hefur einnig að geyma margvíslegan vitnisburð um hvernig rætur þjóðarinnar í dreifðum byggðum hafa skapað tilfinningu fyrir uppruninum en nú er í vaxandi mæli einkum horft til erfiðleika sem lama kunna sóknarkraftinn í héruðunum. Slíkt hugarfar getur hins vegar á skömmum tíma fært í fjötra aflið til nýsköpunar og frumkvæðis sem jafnan hefur veitt landsbyggðinni aukinn þrótt.

Á ferðum mínum um Strandir, Snæfellsnes og Rangárvelli á liðnu ári, í heimsóknum til Húsavíkur, Eiða og Egilsstaða, í Borgarfjörð og Dali, til Akureyrar og Vestmannaeyja, á Ísafjörð, Hofsós og Hrafnseyri hef ég sannfærst um hve ríkulegur krafturinn er til nýrra verka, til hagnýtingar auðlinda með nýrri tækni, til umbreytinga á landbúnaði og í vinnslu sjávarafla, til varðveislu sögulegra minja á þann hátt að styrki atvinnulíf og tekjuöflun, endurnýi skólastarf og menningariðju.

Allir þessir eiginleikar setja sterkan svip á mannlífið á landsbyggðinni. Fólkið býr með hæfni sinni og hugsun að svo skapandi krafti að undrun sætir að nú skuli þurfa á brattan að sækja. Byggðirnar eru auðugar af þeim eiginleikum sem til verðmæta teljast á nýrri öld og ættu því að eiga sér bjarta framtíð, einkum ef samtakamátturinn nær að skapa afl sem dugir og fremur er horft til tækifæranna framundan en þess sem á kann að skorta á hverjum stað.

Það hefur verið mér uppspretta ánægju og gleði að hafa á liðnu ári notið fróðleiks og samræðna víða um land og fyrir þær mörgu og góðu stundir vil ég þakka nú um leið og ég óska ykkur öllum árs og friðar.

Við Íslendingar njótum þess að landið okkar er ríkt að þeim auðlindum sem best munu reynast á nýrri öld og það er mikil ábyrgð í því fólgin að hljóta slíka ættjörð í arf, ábyrgð gagnvart okkur sjálfum og þeim sem síðar koma.

Við skulum vona að skilningur á þeirri skyldu muni ætíð fylgja Íslendingum.